

Tækjatrýgging

Vátryggingarskilmálar nr. EE14

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. EE14.
- Sameiginlegir skilmálar félagsins nr. YY10.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini og skilmálum ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

- Vátryggðir hagsmunir
- Vátryggður og meðvátryggðir
- Vátryggingin gildir
- Bótasvið
- Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu
- Varúðarreglur
- Brot á varúðarreglum
- Samsömun
- Greiðsla iðgjalds
- Endurgreiðsla iðgjalds
- Vátryggingarfjárhæð
- Eigin áhætta
- Ákvörðun bóta
- Tvítrygging
- Lok vátryggingar
- Fyrning

Inngangur

Vátrygging þessi er eingöngu í boði hjá þeim söluaðilum sem hafa gert samning við VÍS um vátryggingu þessa.

1. Vátryggðir hagsmunir

Vátryggingin tekur til þess tækis sem er skráð í vátryggingarskírteini.

2. Vátryggður og meðvátryggðir

- Eigandi tækisins við töku vátryggingarinnar er vátryggður og sá sem síðar kann að eignast það á löglegan hátt á vátryggingartímabilinu.
- Veðhafar og aðrir þeir sem eiga fjárhagslega hagsmuni í hinu vátryggða eru ekki meðvátryggðir í skilningi laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir hvar sem er.

4. Bótasvið

Vátryggingin bætir:

- Beint tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.
- Beint tjón á hinu vátryggða af völdum innri bilunar.

Vátryggingin bætir ekki tjón:

- Sem orsakast af hita og/eða rakabreytingum.
- Sem rekja má til eðlilegs slits vegna notkunar, ryðs og tæringar.
- Sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins vátryggða.
- Sem verða við viðgerð eða viðhald.
- Vegna tapaðra eða skemmdra gagna og/eða hugbúnaðar.
- Sem framleiðandi, seljandi, viðgerðaraðili eða flutningsaðili ber ábyrgð á samkvæmt samningi eða lögum.
- Vegna mynddepilsbreytinga (pixel) ef það rýrir ekki notagildi hins vátryggða.

5. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

Vátryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum:

- Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppbots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

6. Varúðarreglur

- 6.1 Vátryggður skal fara að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins vátryggða.
- 6.2 Vátryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hibýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hið vátryggða er skilið eftir.
- 6.3 Vátryggður skal ekki skilja við hið vátryggða eftirlitslaust á almannafæri og gæta þess að taka það með þegar staður er yfirgefinn.
- 6.4 Vátryggður skal hafa vitneskju um hvar hið vátryggða er staðsett á hverjum tíma.

7. Brot á varúðarreglum

Skyllt er að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

8. Samsömun

- 8.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar áskilur félagið sér rétt til að bera fyrir sig háttsemi maka vátryggðs og manns sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 8.2 Í atvinnurekstri getur félagið borið fyrir sig háttsemi stjórnenda vátryggðs og umsjónarmanns vátryggðs munar.

9. Greiðsla iðgjalds

- 9.1 Iðgjald skal greitt hjá söluaðila tækisins um leið og tækið er keypt.
- 9.2 Vátryggingin öðlast ekki gildi nema iðgjaldið sé greitt.

10. Endurgreiðsla iðgjalds

Falli vátryggingarsamningur úr gildi áður en vátryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við þann tíma sem vátryggður hefur greitt fyrir og vátryggingin er ekki í gildi. Þetta gildir þó ekki ef vátryggingarsamningur hefur fallið úr gildi vegna þess að félagið hefur fullnægt skyldum sínum með því að greiða bætur fyrir algert tjón.

Félagið endurgreiðir iðgjaldið ekki vegna sölu tækisins enda gildir það fyrir nýjan eiganda sbr. grein 2.1.

11. Vátryggingarfjárhæð

- 11.1 Vátryggingarfjárhæð skal nema kaupverði tækisins þegar það er keypt.
- 11.2 Upphæð vátryggingarfjárhæðar er ekki sönnun fyrir verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna.

12. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur eigin áhættu ef hún er tiltekin í vátryggingarskírteini.

13. Ákvörðun bóta

- 13.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýju tæki, sambærilegu því sem skemmdist.
- 13.2 Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað tækinu til viðgerðar hjá viðgerðaraðila sem það samþykkir og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við það þannig að tækið verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.
- 13.3 Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað nýtt tæki, sömu tegundar og gerðar, ef það er ekki hægt, þá með samsvarandi nýju tæki, ef tækið skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við það eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til tækisins sem skemmdist.
- 13.4 Þrátt fyrir ákvæði í gr. 13.1 er félaginu heimilt að afskrifa verðmæti tækis um 15% á ári eftir að tækið er orðið 3 ára.
- 13.5 Áður en bætur eru ákvarðaðar verður vátryggður að framvísa ábyrgðarskírteini vegna vátryggðs tækis.

14. Tvítrygging

- 14.1 Ef sama tjón fellur undir fleiri en eina vátryggingu getur vátryggður valið hvaða vátryggingu hann vill nota þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til.
- 14.2 Ef fleiri en eitt vátryggingarfélag bera ábyrgð á tjóni samkvæmt gr. 14.1 skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu.

15. Lok vátryggingar

Vátryggingin fellur sjálfkrafa niður við lok vátryggingartímabils sem tilgreint er í vátryggingarskírteini.

16. Fyrning

Krafa um bætur fyrnist á 4 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs er váttryggður fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem eru grundvöllur kröfu hans. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er váttryggingaratburður varð.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 1. desember 2013.